



## Kennsluáætlun – skólaárið 2019-2020

**Bekkur:** 4. bekkur

**Námsgrein:** Myndmennt

**Kennarar:** Jónína Loftsdóttir

**Tímafjöldi:** 11x2 kennslustundir

**Námsgögn:** Handbækur, listaverkabækur, veraldarvefurinn og ljósrit, ásamt fjölbreyttum verkefnum frá kennara.

### Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Tjáning og miðlun*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun*
- *Sjálfstæði og samvinnu*
- *Nýting miðla og upplýsinga*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi.*

### Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.*

### Önnur hæfniviðmið sem lúta að almennri framkomu og vinnulagi í tímum og metin yfir allt árið:

- *Tekur ábyrgð á eigin námi.*
- *Virðir vinnufrið annarra.*
- *Vinnur með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum.*
- *Leitar upplýsinga, les sér til gagns og vinnur sjálfstætt.*
- *Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum.*
- *Sýnir vonduð vinnubrögð við verkefnaskil.*
- *Fer eftir þeim fyrirmælum sem lagt er upp með og skilar verkefnum á réttum tíma.*

### Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár

Vikur	Viðfangsefni	Námsefni	Mat
1	Rifja upp reglur í stofu. Mappa.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
2	Mynstur, drekahöfuð.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
3	Litablöndun, tröll með regnbogahár.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
4	Þrykk.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
5	Mandala.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
6	Speglun.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat



## Kennsluáætlun – skólaárið 2019-2020

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Sjónlistir	Nemendur geti: <ul style="list-style-type: none"><li>• tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,</li><li>• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki, listsköpun,</li><li>• þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,</li><li>• fjallað um eigin verk og annarra, • þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,</li><li>• greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,</li><li>• greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,</li><li>• skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Innlögn, kynning og umræður.</li><li>• Einstaklingskennsla.</li><li>• Hópavinna.</li><li>• Sýnikennsla.</li></ul>	Símat

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.